

Föstudaginn 12. júní 1964.

Nr. 151/1963. **Félagsmálaráðuneytið** (Ingi R. Helgason hdl.)

gegn

Sigurleifi Jóhannssyni

(Bárður Jakobsson hdl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Magnús Þ. Torfason
og Logi Einarsson yfirsakadómari.

Skipulag kaupstaðar.

Lögbann við byggingarframkvæmdum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1963 og krafizt þess, að stefnda verði dæmdar óheimilar byggingarframkvæmdir þær, sem hann hefur hafið á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti á Ísafirði, að staðfest verði lögbann það, sem lagt var með úrskurði fógetaðóms Ísafjarðar 12. september 1963 við nefndum byggingarframkvæmdum, og loks að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, sbr. 4. gr. laga nr. 64/1938, hefur Stjórnarráðið yfirstjórn skipulagsmála, og fer Félagsmálaráðuneytið, þ. e. áfrýjandi, með þau mál. Áfrýjandi telur, að líklegur staður fyrir fyrirhugað ráðhús Ísafjarðar sé einmitt þar, sem stefndi hefur hafið byggingu húss síns. Var bæjarstjórn Ísafjarðar tilkynnt þessi fyrirætlan skipulagsvalda með bréfi skipulagsstjóra 12. nóvember 1948. Hafði bæjarstjórnin eigi ástæðu til að ætla, að Félagsmálaráðuneytið væri horfið frá nefndri fyrirætlan sinni, er hún veitti stefnda leyfi til að reisa hús á nefndri lóð. Verður að telja, að áfrýjandi hafi, þegar að svo vöxnu máli, samkvæmt grundvallarreglum skipulagslaga heimild til að stöðva bygg-

ingu húss stefnda, meðan leitt er til lykta, hvort ráðhús skuli reisa á umræddri lóð. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda var eigi viðstaddur uppsögu héraðsdóms. Hefur lögbannið því eigi niður fallið, sbr. 2. mgr. 23. gr. laga nr. 18/1949, og ber að staðfesta það.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Sigurleifi Jóhannssyni, eru óheimilar byggingarframkvæmdir þær, sem hann hefur hafið á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti á Ísafirði.

Lögbann það, sem lagt var 12. september 1963 við nefndum byggingarframkvæmdum, staðfestist.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 19. október 1963.

Ár 1963, laugardaginn 19. október, var á bæjarþingi Ísafjarðar, sem haldið var af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem þingfest var 23. september s.l.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. október s.l. eftir munnlegan flutning, hefur Félagsmálaráðuneytið höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. september s.l., gegn Sigurleifi Jóhannssyni vélsmið, Ísafirði, til staðfestingar á lögbannsgerð, sem fór fram 12. september s.l.

Að öðru leyti hefur ráðuneytið gert þær kröfur, að viðurkennt verði með dómi, að stefnda séu óheimilar byggingarframkvæmdir þær, sem hann hefur gert á leigulóð þeirri, sem bæjarráð og bæjarstjórn Ísafjarðar hafa án samþykkis byggingarnefndar Ísafjarðar og gegn eindregnum mótmælum skipulagsnefndar ríkisins heimilað honum að gera á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti á Ísafirði.

Þá krafðist ráðuneytið málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda, að fellt verði niður lögbann það, sem lagt var á framkvæmdir hans við Fjarðarstræti 23 hinn

12. september, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum minnst 10 þúsund krónur í málskostnað.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Hinn 26. apríl s.l. sótti stefndi í máli þessu til bæjarstjórnar um leigu á lóðinni nr. 21 við Fjarðarstræti undir íbúðarhús. Var honum fyrst tilkynnt 16. maí s.l., að bæjarráð og bæjarstjórn hefðu orðið við þessari beiðni hans. Hinn 18. júní s.l. skrifaði hann bæjarstjóra aftur og fór nú fram á lóðina nr. 23 við Fjarðarstræti, og var honum tilkynnt 26. júní s.l., að bæjarráð og bæjarstjórn hefðu orðið við þessum tilmælum hans.

Á fundi 22. maí s.l. samþykkti byggingarnefnd að mótmæla þessari leyfisveitingu. Voru þessi mótmæli nefndarinnar tekin til umræðu á sameiginlegum fundi bæjarráðs og byggingarnefndar, en þar náðist engin lausn.

Með bréfi, dags. 11. júní s.l., sendi byggingarnefnd mál þetta til úrskurðar Félagsmálaráðuneytisins og bar það fyrst og fremst undir ráðuneytið, hvort svæðinu milli Fjarðarstrætis og Austurvallar skyldi haldið auðu fyrir væntanlegt ráðhús kaupstaðarins, eins og byggingarnefnd hafði lagt til, eða að þar ætti að úthluta lóðum undir íbúðarhús, eins og bæjarstjórn hefði samþykkt.

Í ágústmánuði lagði stefndi fyrir byggingarnefnd uppdrátt af húsi, sem hann hugðist byggja á lóðinni.

Hinn 30. ágúst var honum tilkynnt, að bæjarráð hefði samkvæmt tillögu minni hluta byggingarnefndar samþykkt að leyfa honum að byggja íbúðarhús á lóðinni eftir teikningunni, sem hann hafði lagt fram.

Skömmu síðar hóf stefndi síðan framkvæmdir á lóðinni, en með símskeyti skipulagsstjóra ríkisins, dags. 11. september s.l., var þess óskað, að sett yrði lögbann við frekari framkvæmdum á lóðinni, sem hafnar væru án tilskilins samþykkis byggingarnefndar Ísafjarðar og gegn eindregnum mótmælum skipulagsnefndar ríkisins, unz fyrir lægi úrskurður Félagsmálaráðuneytisins út af kærumáli byggingarnefndar. Fógeti lagði síðan 12. september s.l. lögbann við framhaldi frekari framkvæmda á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti, sem stefndi hafði byrjað á byggingarframkvæmdir.

Árið 1927 var gerður skipulagsuppdráttur fyrir Ísafjarðar-kaupstað, sem afgreiddur var til Stjórnarráðsins af skipulagsnefnd 8. marz 1927, en staðfestur af Atvinnu- og samgöngumála-

ráðuneytinu 16. marz 1927, og er hann enn í gildi, nema hvað á honum hafa verið gerðar smávegis breytingar.

Árið 1934 sótti Jón Þ. Ólafsson um byggingarleyfi fyrir hús við Fjarðarstræti, 12×8.5 m að stærð, með gafl að götunni, en þar áttu hús samkvæmt skipulagsuppdrætti að snúa að götunni. Byggingarnefnd fjallaði um þetta mál á fundi 23. marz 1934 og samþykkti þá að mæla með því, að skipulagsuppdrættinum yrði breytt þarna, þannig að húsin á svæðinu frá Aðalstræti að Sundstræti verði byggð með gafl að Fjarðarstræti, þar sem nefndin taldi, að húsin yrðu tæplega byggileg með aðalinngangi móti norðri, aðalvindáttinni, og vegna sjódrifs, sem valda mundi miklum vandkvæðum. Byggingarnefnd fól síðan bæjarstjóra að skrifa Stjórnarráði og óska þessara breytinga. Bæjarstjórn samþykkti þessa tillögu byggingarnefndar. Á fundi, sem haldinn var 29. apríl s. á., var síðan lagt fram símskeyti frá skipulagsnefnd, sem hljóðaði svo: Skipulagsnefnd fellst á breytinguna við Fjarðarstræti með hárri girðingu milli húsa.

Byggingarnefnd samþykkti síðan að veita Jóni Þ. Ólafssyni byggingarleyfið og einnig bæjarstjórn. Byggði hann síðan á lóðinni húsið nr. 11 við Fjarðarstræti. Síðan voru samkvæmt þessari skipulagsbreytingu byggð vestan við það húsin nr. 13, 15, 17 og 19.

Allt frá því á árinu 1948 hefur skipulagsnefnd ríkisins unnið að endurskoðun á gildandi skipulagsuppdrætti frá 1927, og hefur sú endurskoðun verið gerð í samráði við bæjarstjórn og byggingarnefnd Ísafjarðar.

Með bréfi, dags. 12. nóvember 1948, hafði skipulagsstjóri sent tillögur til endurskipulagningar á Ísafjarðarkaupstað. Skipulagsstjóri tók fram í bréfinu, að um lauslegar tillögur væri að ræða sem viðuræðugrundvöll fyrir áframhaldandi samstarfi um skipulag bæjarins, og mundi verða unnið frekar úr þeim gögnum, sem fyrir lægju, í samráði við bæjarstjórn.

Byggingarnefnd var falið að vinna úr þessum tillögum, og samþykkti hún þær í mörgum atriðum og meðal annars þá tillögu skipulagsstjóra, að á svæðinu milli Fjarðarstrætis og Austurvallar yrði ráðhúsi bæjarins ætlaður staður. Þessar tillögur byggingarnefndar komu fyrir bæjarstjórn 27. apríl 1949, og afgreiddi hún þær sem tilkynningu, og voru þær sendar skipulagsstjóra.

Á árinu 1963 átti bæjarstjóri viðtöl við skipulagsstjóra í síma og skýrði honum frá því, að óskir hefðu komið fram um

það í bæjarstjórn að hverfa frá hugmyndinni um ráðhús á þessum stað, en ætla lóðirnar hins vegar undir íbúðarhús. Lofaði skipulagsstjóri að bera þetta undir skipulagsnefnd. Með bréfi, dags. 13. maí 1963, tilkynnti skipulagsstjóri, að skipulagsnefnd legði eindregið til að ætla svæðið áfram fyrir ráðhús. Með bréfi, dags. 29/6 1963, tilkynnti bæjarstjóri síðan skipulagsstjóra, að bæjarstjórn hefði samþykkt að hverfa frá hugmyndinni um ráðhúsbyggingu á svæðinu við Norðurveg og Fjarðarstræti, en byggja þar í þess stað íbúðarhús, eins og skipulagið frá 1927 gerði ráð fyrir.

Bæjarstjórn samþykkti síðan að leyfa stefnda að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti og öðrum manni á lóðinni nr. 21, en þriðja manninum við Austurveg gegnt þessum húsum, eða úthlutaði þarna þremur byggingarlóðum. Bæjarstjórn taldi sig gera þetta með fullri heimild.

Byggingarnefnd andmælti þessari lóðaúthlutun sem broti á skipulaginu, með því að samþykkt hefði verið sú tillaga skipulagsstjóra að ætla þessar lóðir fyrir ráðhús, og 11. júlí 1963 kærði byggingarnefnd málið til Félagsmálaráðuneytisins og krafðist úrskurðar. Málið fór síðan til umsagnar skipulagsnefndar og bæjarstjórnar, og 1. október 1963 kvað Félagsmálaráðuneytið, stefnandi í máli þessu, upp úrskurð í þá átt, að byggingarleyfi bæjarstjórnar til stefnda væri ólöglegt, og lagði ráðuneytið fyrir bæjarstjórn að láta fjarlægja þau mannvirki, sem þegar hefðu verið gerð á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti.

Á meðan þetta kærumál var undir úrskurði, veitti bæjarstjórn 30. ágúst stefnda leyfi til byggingar á lóðinni samkvæmt uppdrætti, sem hann hafði lagt fram.

Skipulagsstjóri og ráðuneytisstjóri Félagsmálaráðuneytisins beindu eindregnum tilmælum til bæjarstjórnar, að hún léti ekki hefja framkvæmdir á lóðinni, meðan málið væri í úrskurði, en þegar því var ekki sinnt og framkvæmdir byrjaðar af leyfissíða, óskaði skipulagsstjóri, að lögbann væri lagt við frekari framkvæmdum á lóðinni, sem hafnar væru án tilskilins samþykkis byggingarnefndar og gegn mótmælum skipulagsnefndar, unz úrskurður lægi fyrir. Lögbann var síðan lagt á 12. september, eins og áður segir.

Daginn eftir að lögbannið var lagt á, kom bæjarstjórn saman og samþykkti að beina þeim eindregnu tilmælum til Félagsmálaráðuneytisins, að það hlutaðist til um, að skipulagsstjóri afturkallaði lögbannsgerðina, með því að bæjarstjórn hefði úthlutað

lóðinni samkvæmt gildandi staðfestum skipulagsuppdrætti frá 8. marz 1927 og byggingarleyfi fyrir húsinu hafi verið samþykkt af bæjarstjórn.

Þá tók bæjarstjórn fram í samþykktinni, að kæra meiri hluta byggingarnefndar, dags. 11/7 s.l., væri byggð á röngum forsendum.

Stefnandi hefur rökstutt kröfur sínar með þessum hætti:

Á því svæði við Fjarðarstræti, sem hús stefnda á að vera, gerir gildandi skipulagsuppdráttur fyrir Ísafjörð ráð fyrir tveggja hæða sambyggingum, nálega 40 m löngum, og hús stefnda er samkvæmt teikningu Stefáns Sigurbentssonar tveggja hæða tvíbýlishús, 10.8 m að lengd, með gluggum á öllum hliðum, fyrir sundurlausa byggð, og samrýmist því ekki hinum staðfesta skipulagsuppdrætti.

Breytingar þær, sem gerðar voru á uppdrættinum árið 1934, telur stefnandi, að hafi aðeins náð til lóðanna ofan (vestan) við hið forna Aðalstræti, sem lagt var niður með skipulaginu 1927. Hús stefnda sé á því götustæði og vestar. Þá hafi byggingarnefnd 25. marz 1949 samþykkt þá tillögu skipulagsstjóra, að á svæðinu milli Fjarðarstrætis og Austurvallar yrði ráðhúsi bæjarins ætlaður staður. Þessa samþykkt hefði bæjarstjórn afgreitt sem tilkynningu 27. apríl 1949.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 55/1921 hafi skipulagsnefnd með höndum stjórn skipulagsmála undir yfirstjórn Stjórnarráðs. Samkvæmt 23. gr. sbr. 2. mgr. 9. gr. skipulagslaga beri Stjórnarráðinu að grípa í taumana, ef það verður þess vart eða álitur, að skipulagsreglur séu brotnar.

Félagsmálaráðuneytið fari nú með skipulagsmál.

Húsbygging stefnda geti ekki samrýmzt skipulagsuppdrættinum, og hefði því með hliðsjón af 23. sbr. 9. gr., 2. mgr., skipulagslaga orðið að stöðva framkvæmdir á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti og krefjast þess, að þau mannvirki, sem búið væri að reisa, yrðu fjarlægð án tafar.

Samkvæmt 4. gr., D-lið, í opnu bréfi um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði frá 26. janúar 1866, skal sérhver sá, sem ætlar að byggja hús af nýju, áður en hann byrjar á því, gefa nefndinni það til vitundar og fá skriflegar ákvarðanir hennar um það, hvort hann megi byggja og eftir hverjum reglum. Þetta leyfi hafi stefndi ekki fengið. Þrátt fyrir synjun byggingarnefndar á byggingarleyfisumsókn stefnda hafi bæjarstjórn engu að síður upp á sitt eindæmi veitt honum leyfið.

Þá hefur stefnandi vitnað til 2. mgr. 9. gr. skipulagslaga, þar sem svo er fyrir mælt, að bæjarstjórn og hreppstjórn skuli skylt að leita umsagnar skipulagsnefndar um öll meiri háttar skipulagsatriði, áður en til framkvæmdar kemur, eftir að ákveðið hefur verið að gera skipulagsuppdrátt. Ef ekki næst samkomulag, má ekki byrja á verki, fyrr en úrskurður Stjórnarráðs er fyrir hendi. Endurskoðun á skipulagsuppdrætti Ísafjarðar hafi staðið yfir í 15 ár. Skipulagsnefnd hafi gengið frá tillöguuppdráttum, sem byggingarnefnd hafi samþykkt í meginatriðum og bæjarstjórn engum athugasemdum hreyft við. Nú hafi bæjarstjórn hins vegar leyft byggingar, þar sem tillöguuppdrættirnir gera ráð fyrir, að ráðhús kaupstaðarins verði staðsett.

Áður en munnlegur flutningur málsins hófst, lagði stefnandi fram úrskurð sinn í deilumáli byggingarnefndar og bæjarstjórnar, og undir munnlegum flutningi málsins hélt lögmaður stefnanda því fram, að úrskurður ráðuneytisins væri endanleg niðurstaða máls þessa. Valdsvið ráðuneytisins yrði ekki vefengt, og væri dómaranum óheimilt að haggja niðurstöðu úrskurðarins. Ráðuneytið hefði ekki afsalað sér úrskurðarvaldi sínu, af því að það neyddist til að fara af stað með lögbannsgerðina. Því hefði verið skylt að sjá um, að stöðvaðar hefðu verið framkvæmdirnar, sem deilt var um, vegna þess að bæjarstjórnin sinnti ekki til mælum þess um að bíða, meðan málið væri í úrskurði.

Þá hélt hann því fram, að húsbygging stefnda væri ekki í samræmi við settar reglur, því að engin breyting hefði verið gerð þar árið 1934 á skipulaginu frá 1927.

Einnig hélt hann því fram, að bæjarstjórn hefði ekki heimild til að taka fram fyrir hendur byggingarnefndar, hún þyrfti jákvæða afstöðu byggingarnefndar, og bæjarráði væri óheimilt að fara með byggingarleyfi.

Stefndi rökstuddi kröfur sínar með þeim hætti, að hann hefur haldið því fram, að honum hafi verið veitt óskorað leyfi til byggingar tveggja hæða íbúðarhúss við Fjarðarstræti 23. Tilkynningar um það hefðu honum borizt frá bæjarstjórn, og hafa þær verið lagðar fram í málinu. Hefur hann haldið því fram, að byggingarleyfið sé að öllu leyti fullgilt og löglegt. Hafi lögbann stefnanda engan rétt haft á sér, og beri því að fella það úr gildi.

Stefndi fullyrti, að honum hefði ekki borið skylda til þess að fá „skriflegar ákvarðanir“ byggingarnefndar Ísafjarðar um það, hvort hann megi byggja og eftir hverjum reglum. Tilkynning bæjarstjórnar hefði verið nægileg í þeim efnum. Hann hefur

haldið því fram, að ákvæði opna bréfsins frá 1866 væri löngu dauður bókstafur og hefði fyrir löngu vikið fyrir yngri lögum og samþykktum. Byggingarnefnd væri nú undirnefnd bæjarstjórnar, og væri verksvið hennar ákveðið af byggingarsamþykkt nr. 172 23. ágúst 1943. Í samþykktinni segir, að þegar byggingarnefnd hafi gert tillögur um byggingarumsóknir, skuli málið lagt fyrir bæjarstjórn, sem veitir byggingarleyfið. Bæjarstjórn ráði, hvort hún fari að tillögum byggingarnefndar. Það séu ekki nema rúmir þrír mánuðir, síðan stefnandi lýsti því fortakslaust yfir, að stjórn byggingarmála væri í höndum bæjarstjórnar. Þessi skoðun samrýmist því ekki, að ákvæði opna bréfsins frá 26. janúar 1866 séu í gildi.

Þá hefur stefndi haldið því fram, að byggingarleyfi til hans sé í samræmi við skipulagsbreytinguna frá 1934. Breytingin hafi náð til húsaskipunar við Fjarðarstræti.

Undir munnlegum flutningi málsins hélt lögmaður stefnda því fram, að ályktun skipulagsnefndar um ráðhúslóð hafi aðeins verið tillaga til bæjarstjórnar. Yfirstjórn byggingarmála væri í höndum bæjarstjórnar, og samþykktir byggingarnefndar væru aðeins tillögur til bæjarstjórnar. Byggingarleyfi stefnda væri því fullkomlega lögmeitt. Húsið væri staðsett samkvæmt núgildandi skipulagsuppdraetti frá 1934. Hin löngu 40 m hús samkvæmt skipulaginu frá 1927 væru úr sögunni eins og Aðalstræti, sem lokað hefði verið með skipulaginu frá 1927. Við Fjarðarstræti væri ekki lengur hægt að koma upp húsi vestan hins gamla Aðalstrætis. Öll húsin, nr. 11, 13, 15, 17 og 19, hefðu verið byggð í samræmi við breytinguna frá árinu 1934.

Þá hefur hann haldið því fram, að úrskurður stefnanda frá 1. október 1963, dómskj. nr. 24, sé ekki endanleg ákvörðun í málinu og að dómariinn þyrfti ekki að taka tillit til hans. Ráðuneytið væri stefnandi í máli þessu og þá búið að sýkna sig sjálft með úrskurðinum. Enginn mætti úrskurða í sjálfs sín sök.

Einnig hefur hann haldið því fram, að mjög hæpið sé, að heimilt væri að beita hér lögjöfnun. Um það verði að vera ótvíræð ákvæði.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir þenna dómstól, virðist dómaranum, að honum beri að meta málsástæður allar og komast að sjálfstæðri niðurstöðu, óbundinn af úrskurði stefnanda frá 1. október s.l. Málinu hefur verið stefnt hingað til viðurkenningar á því, að stefnda séu óheimilar byggingarframkvæmdir á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti, sem bæjarstjórn

hefur leyft honum, og til staðfestingar á lögbanninu frá 12. september s.l. Niðurstöðum úrskurðarins er hins vegar beint gegn bæjarstjórn, en ekki stefnda í máli þessu.

Koma þá til álita málsástæðurnar.

Árið 1866 var stofnað til bæjarstjórnar á Ísafirði með reglugerð um að gera verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar frá 26. janúar og með opnu bréfi um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum á Ísafirði frá sama degi. Samkvæmt 16. grein reglugerðarinnar skyldi bæjarstjórn kjósa fjóra menn í nefndina, og áttu tveir þeirra að vera úr hópi bæjarfulltrúanna. Auk þess átti bæjarfógeti samkvæmt 1. grein opna bréfsins að eiga sæti í nefndinni. Samkvæmt ákvæðum opna bréfsins átti byggingarnefndin að starfa sjálfstætt án þess að leggja gerðir sínar fyrir bæjarstjórn til synjunar eða samþykktar, enda átti meiri hluti hennar sæti í bæjarstjórn. Þessi háttur var lengi á hafður.

Í 15. grein laga um bæjarstjórn Ísafjarðar nr. 67 frá 14. nóvember 1917 segir: Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins, en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Í þessari sömu lagagrein er bæjarstjórn heimilað að setja með samþykkt nánari fyrirmæli um byggingarmál bæjarins og leita staðfestingar hennar hjá Stjórnarráði. Núgildandi byggingarsamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað er nr. 172 frá 23. ágúst 1943.

Það er meginregla gildandi ákvæða um framkvæmd á byggingarmálum í kaupstaðnum, að byggingarnefnd starfar sem undirnefnd í bæjarstjórn, og ber að leggja ályktanir hennar undir ákvörðun bæjarstjórnar, sem ræður því með atkvæðamagni, hvort hún samþykkir eða hrindir tillögum byggingarnefndarinnar. (Sjá einkum 3. gr. sbr. 46. gr., 5. lið, byggingarsamþykktarinnar nr. 172/1943).

Þessi háttur hefur verið tíðkaður um langt skeið. Þetta munu vera viðteknar reglur víða, sbr. hæstaréttardóm frá 8/4 1936 (Hrd. XVII, 235).

Í þeim atriðum reglna opna bréfsins um byggingarnefnd á Ísafirði frá 26. janúar 1866, sem fara í bága við nýrri ákvæði, verður að líta svo á, að eldri ákvæðin séu fallin úr gildi. Verður að fallast á það með stefnda, að ákvæði 4. gr., D-liðs, opna bréfsins séu ekki lengur í gildi af þessum sökum.

Stefnandi hefur haldið því fram, að breyting sú, sem gerð var árið 1934 á skipulaginu frá 1927 við Fjarðarstræti, hafi aðeins náð upp að hinu gamla Aðalstræti, og ofan (vestan) við

það hefði áfram gilt sú ákvörðun uppdráttarins, að þar eigi að vera nálega 40 m löng sambygging.

Það er að vísu svo, að í beiðni byggingarnefndar og bæjarstjórnar um breytinguna er miðað við þessa götu, sem lögð hafði verið niður sjö árum áður. En á hinn bóginn er í samþykki skipulagsnefndar talað um það, að hún fallist á breytinguna við Fjarðarstræti, en ekki minnzt á takmörk. Í málinu hefur verið lagður fram uppdráttur skipulagsnefndar, dags. 1931, yfir skipulag við Fjarðarstræti milli Norðurveggar/Sundstrætis. Á uppdráttinn hefur verið ritað, sennilega af skipulagsnefnd, að skipulagi við Fjarðarstræti hafi verið breytt þannig, að húsin standi með gafl að Fjarðarstræti o. s. frv.

Það virðist því verða að fallast á þá staðhæfingu stefnda, að skipulagsbreytingin frá 1934 hafi náð til þess svæðis, sem byggingarleyfi stefnda er á.

Stefnandi hefur haldið því fram, að byggingarnefnd og bæjarstjórn hafi samþykkt og skipulagsnefnd einnig fyrir sitt leyti, að staðsetja skuli ráðhús bæjarins á því svæði, sem hér er deilt um.

Á árinu 1948 sendi skipulagsnefnd til bæjarstjórnar tillögur til breytinga á skipulagsuppdrættinum frá 1927. Bæjarstjóri fól byggingarnefnd að athuga þessar tillögur. Ræddi hún þær á nokkrum fundum og féllst á þær í meginatriðum og þar á meðal tillögu skipulagsnefndarinnar um staðsetningu ráðhúss. Tillögur byggingarnefndar voru síðan 1949 lagðar fyrir bæjarstjórn, og afgreiddi hún þær sem tilkynningu.

Það hefur ekki verið skýrt, hvers eðlis slík afgreiðsla er, en hún hefur sennilega villt um fyrir skipulagsnefnd. Bæjarstjórn kvaðst ekki hafa samþykkt tillögur byggingarnefndar og ekki staðið til að samþykkja neitt endanlegt þá, heldur átti að vinna úr þessu sem viðræðugrundvelli, eins og skipulagsnefnd hafði tilkynnt, er hún sendi tillögur sínar. Að vísu sagði bæjarstjóri í bréfi 29. júlí 1949, að frekari ákvarðanir um skipulagið muni verða sendar skipulagsnefnd, eftir því sem þær verða teknar. Eins segir í bréfi bæjarstjórnar, að hún hafi samþykkt að hverfa frá hugmyndinni um ráðhúsbyggingu á svæðinu við Norðurveg og Fjarðarstræti, en byggja þar í þess stað íbúðarhús. Af þessu orðalagi mætti ef til vill draga þá ályktun, að bæjarstjórn hefði áður hallazt að þessari hugmynd um staðsetningu ráðhúss, en bæjarstjórn samþykkti síðar formlega, að á þessu umdeilda svæði skyldi vera íbúðarhús, en ekki ráðhús. Það liggur því fyrir

ótvíræð samþykkt um vilja bæjarstjórnar í þessu efni. Það gefur hugmyndinni um ráðhúsbyggingu á þessu svæði ekki gildi, þó skipulagsnefnd vegna villandi afgreiðslu bæjarstjórnar hafi haldið, að um samþykkt af hennar hálfu væri að ræða.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda.

Í samræmi við þá endalykt málsins ber að fella úr gildi lögbann það, sem lagt var á 12. september s.l.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 6.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurleifur Jóhannsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félagsmálaráðuneytisins, í máli þessu.

Lögbann það, sem lagt var 12. september 1963 við frekari framkvæmdum stefnda á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti á Ísafirði, skal úr gildi fellt.

Stefnandi greiði stefnda 6.000 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Lögbannsgerð fógætadóms Ísafjarðar 12. september 1963.

Skjöl málsins eru í dóminum. Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Jóhann Kárasón lögregluþjónn að tilhlutan dómarsins.

Fógeti tekur fram, að í skjölum málsins sé lóð sú, er hér um ræðir, ýmist talin vera nr. 14, 21 eða 23 við Fjarðarstræti, en rétt nr. sé samkvæmt upplýsingum bæjarstjóra nr. 23.

Gerðarþoli, Sigurleifur Jóhannsson, er sjálfur mættur. Samkvæmt kröfu skipulagsstjóra ríkisins og á hans ábyrgð lagði fógeti nú lögbann við framhaldi frekari framkvæmda á lóðinni nr. 23 við Fjarðarstræti á Ísafirði, sem Sigurleifur Jóhannsson hefur byrjað byggingarframkvæmdir á.

Brýndi fógeti fyrir gerðarþola, að eigi mætti brjóta lögbann þetta að viðlagðri lagaábyrgð.